

Miðvikudaginn 4. október 1995 kl. 10:45

61. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 30/1995

**Meint mismunun á niðurgreiðslum námskeiða
fyrir félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur**

I.

Málavextir

1.

Með bréfi, dags. 27. febrúar 1995, kvartar Malín Örlygsdóttir f.h. garnverslunarinnar Storksins yfir því að Verslunarmannafélag Reykjavíkur (V.R.) styrki félagsmenn sína til að sækja þjónanámskeið á vegum Tómskundaskólans, en synji þeim um styrkveitingar til að sækja þjónanámskeið á vegum Storksins. Í kvörtuninni segir:

„Svo sem fram kemur af meðfylgjandi ljósritum, var þess farið á leit við V.R. að styrkja félagsmenn sína til þátttöku í þjónatækninámskeiðum, sem haldin eru á vegum verslunarinnar Storksins á sama hátt og V.R. styrkir félagsmenn sína til þjónanámskeiða Tómskundaskólans. Enginn eðlismunur er á námskeiðum þessum. Því var hafnað og þegar spurt var um ástæðu þessa var því svarað til, að fyrir því væru engin sérstök rök...

Þjónanámskeið Storksins eru sjálfstætt og metnaðarfullt starf en í samkeppni um tiltölulega þröngan hóp áhugafólks. Því er fjárstuðningur V.R. til Tómskundaskólans og fleiri aðila gróf mismunun í þágu samkeppnisaðila.“

Fylgiskjöl með kvörtuninni eru bréf Storksins til Fræðsluráðs V.R., dags. 17. janúar 1995, og svarbréf V.R. til Storksins, dags. 25. janúar 1995. Í bréfi Storksins til V.R. er farið fram á að V.R. styrki félagsmenn sína til þess að sækja námskeið hjá Storkinum. Námskeiðum sem Storkurinn býður upp á er lýst og verð þeirra gefið upp. Í bréfi Storksins til V.R. segir m.a.: „*Síðastliðin 10 ár hefur verslunin Storkurinn starfrækt margs konar þjónanámskeið og hafa nú*

um það bil 700 nemendur sótt þessi námskeið. Vinsældir námskeiðanna hafa farið sívaxandi og eru nú fimm 6 vikna námskeið haldin á hverri önn.“

Í bréfinu kemur fram að ferns konar námskeið séu í boði og handavinnukennarar með mikla reynslu kenni á öllum námskeiðum, auk leiðbeinanda sem hafi góða þekkingu á viðfangsefninu. Þá segir í bréfinu: „*Innifalið í námskeiðsgjaldi er mappa ásamt kennslugögnum, auk þess sem nemendur fá garn í allar prufur.*“

Í svarbréfi V.R. til Storksins segir m.a.:

„Á fundi í Fræðsluráði V.R. þann 23. janúar sl. var bréf yðar, dags. 17. janúar 1995, varðandi niðurgreiðslu á námskeiðagjöldum á þrjóna- og útsaumsnámskeiðum hjá versluninni Storknum, tekið fyrir.

Erindið hlaut ekki stuðning.“

2.

Kvörtun Storksins var send Verslunarmannafélagi Reykjavíkur til umsagnar. Í svari V.R., sem dagsett er 18. apríl 1995, kemur m.a. fram að enginn félagsmanna V.R. hafi sótt um styrki til þess að sækja þrjóna- og útsaumsnámskeið hjá Storkinum. Boðið er upp á styrki til slíkra námskeiða hjá Námsflokkum Reykjavíkur og Kvöldskóla Kópavogs. Jafnframt segir að enginn hafi sótt um styrk til að sækja þrjóna- eða útsaumsnámskeið á árinu 1995 og aðeins tveir hafi sótt um styrk til að sækja námskeið í myndþrjóni hjá Tómskundaskólanum.

Þá segir í bréfinu: „*Ástæður fyrir höfnuninni eru eftirfarandi:*

Það er grundvallaratriði við ákvörðun um veitingu styrkja til félagsmanna V.R., vegna starfsmenntunar og tómskundanáms, að þeir sækji fræðslu hjá stofnun, sem kallast getur fræðslustofnun. Verslanir, þó þær standi fyrir námskeiðum til að örva sölu á vörum viðkomandi verslana, falla ekki undir þá skilgreiningu.

Í bréfi Malínar Örlygsdóttur kemur fram að garn frá versluninni Storkinum er innifalið í námskeiðagjaldinu. Samkvæmt því er fólk, sem sækir þessi námskeið, bundið af því að kaupa garn af þessari tilteknu verslun, það felst í námskeiðagjaldinu. Þannig er því ekki farið hjá áður nefndum menntastofnunum, sem V.R. hefur gert samning við. Þær hafa engin afskipti af því hvar nemendur kaupa garnið sem notað er við kennsluna, því ráða nemendur alfarið sjálfir og eru ekki bundnir af námskeiðshaldara í því sambandi eins og hjá Storkinum.“

Síðar segir í bréfinu: „Grundvallarmunurinn á þessu er því sá, að annars vegar er um að ræða almennar menntastofnanir, þar sem fræðslan er meginmarkmiðið, en hefur engin afskipti af því hvar nemendur kaupa námsgögnin eða efni til vinnslu eftir að námi lýkur. Hins vegar er um að ræða verslun, þar sem meginmarkmiðið er að selja tilteknar vörur og í samkeppni við aðrar verslanir er leitað allra leiða til að örva söluna, m.a. með því að efna til námskeiða, þar sem vara, sem verslunin selur er seld þeim sem námskeiðin sækja, þ.m.t. garn. Ekki er vafi á því að slíkt er gert í þeim tilgangi, að hafa áhrif á það hvar nemendurnir kaupa garn að námskeiði loknu.

Í bréfi Malínar Örlygsdóttur kemur fram, að Storkurinn sé í „samkeppni um til-
tölulega þröngan hóp áhugafólks“. Þetta undirstrikar það, sem hér hefur verið bent á, að verslanir eru í samkeppni um sölu á sinni vöru og grípa þess vegna til ýmissa ráða í þeim tilgangi að örva söluna og laða til sín viðskiptavinum, sem auðvitað er af hinu góða.

Skilin eru því í raun og veru mjög skýr, annars vegar er um að ræða námskeið á vegum viðurkenndrar menntastofnunar, sem hefur engin áhrif á nemendur um val á vörum, hvorki á námskeiðunum sjálfum né eftir þau, og er því ekki í neinni samkeppni við neina verslun. Hins vegar er um að ræða verslun, sem efnir til námskeiða í þeim eina tilgangi, að örva sölu á vöru, sem verslunin selur í samkeppni við aðrar verslanir. Það er kjarni þessa máls.“

3.

Athugasemdir V.R. voru sendar Storkinum til umsagnar og er svar Storksins dagsett 2. maí 1995. Þar segir m.a.: „Í V.R. blaðinu er mjög skýrt kveðið á um hvaða námskeið V.R. styrki félagsmenn sína til að sækja. Þar hefur Storkurinn aldrei komist á blað og þess vegna skiljanlegt að enginn skuli hafa sótt um styrki hjá V.R. til námskeiða hjá Storkinum.“

Um þá fullyrðingu V.R. að það styrki eingöngu félagsmenn til að sækja námskeið á vegum fræðslustofnana segir m.a.: „Verslanir standa fyrir námskeiðahaldi sem tengist söluvarningi þeirra og styrkir V.R. félagsmenn sína til þess að sækja þau, samanber nýjasta tölublað V.R. blaðsins á bls. 11 þar sem fjallað er um styrkjaúthlutanir á árinu 1994. Þar segir orðrétt: „Gerðir voru samningar við 24 fyrirtæki og skóla, sem sérhæfa sig í starfs- og tólmstundanámskeiðahaldi.“ Þar á meðal eru Tölvuskóli E.J.S. og Tölvuskóli S.F.Í. og Nýherja, sjá ljósrit. Í mínum huga eru Einar J. Skúlason og Nýherji með stærstu tölvusölum landsins.“

Um athugasemdir V.R. vegna garnkaupa segir eftirfarandi í bréfi Malínar: „Garnið sem notað er í prufurnar þarf að vera ullargarn í sérstökum sverleika. Þegar ég byrjaði námskeiðin fyrir u.þ.b. 9 árum, þá fylgdi garnið ekki með. Reyndin var sú, að nemendur komu með alla vega garn sem þeir gátu svo ekki notað og enduðu með að kaupa garn í prufurnar í Storkinum. Það var því miklu þægilegra fyrir bæði nemendur og kennara að láta garnið fylgja með. Reyndar hefur garnið (u.þ.b. 50 – 75 gr. á hvern nemanda) aldrei verið reiknað með við ákvörðun á námskeiðagjaldi. – Magnús virðist ekki vita að garn er líka innifalið á þróðanámsskeiðum Tómskundaskólans.

...Því er svo farið að flestir nemendur velja sér stærra verkefni en prufugerð og er þá oftast ráðist í það að þróna peysu. Þá vil ég undirstrika að nemendur eru ekki og hafa aldrei verið skyldaðir til að kaupa garn í Storkinum. Margir nemendur koma með garn sem þeir hafa lengi átt heima uppi í skáp og finnst gott að nýta...

II.

Lagaumhverfi

1.

Samkeppnislög hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum m.a. með því að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Til að ná markmiði samkeppnislaga er lagt bann við tilteknum samkeppnishömlum er varða samvinnu um verð o.þ.h., skiptingu markaða og gerð tilboða. Í 17. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að Samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn samningum o.fl. sem geti haft skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í því að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir. Einnig geta þau verið fólgin í því að valkostum viðskiptavina fækkar og keppinautar útilokast frá markaðnum. Samkvæmt 20. gr. samkeppnislaga er óheimilt að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eða eitthvað það sem er óhæfilegt gagnvart hagsmunun neytenda.

III. Niðurstöður

1.

Í erindi sínu f.h. garnverslunarinnar Storksins vísar Malin Örlygsdóttir hvorki til ákveðinna greina í samkeppnislögum né gerir ákveðnar kröfur til samkeppnisyfirvalda. Hún vísar til „grófrar mismununar Verslunarmannafélags Reykjavíkur í samkeppni vegna námskeiða í hannyrðum“ og kærir ákvörðun V.R. um að styrkja ekki félagsmenn til námskeiða Storksins til Samkeppnisstofnunar.

2.

Í athugasemdum sínum bendir V.R. á að félagið styrki félagsmenn aðeins til námskeiða hjá stofnun eða fyrirtæki sem annast fræðslustarfsemi. Listi úr V.R. blaðinu sem fylgir athugasemdum Malínar Örlygsdóttur við umsögn V.R. bendir ekki til annars en að fullyrðing V.R. sé rétt. Samkvæmt munnlegum upplýsingum V.R. er hluti af almennum félagsgjöldum notaður til að styrkja félagsmenn til þátttöku í námskeiðum og mun það gert með stjórnarsamþykkt.

3.

Þegar leggja á mat á það hvort aðgerðir eða hegðun fyrirtækja hefur skaðleg áhrif á samkeppnina í skilningi samkeppnislaga þarf að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Í því máli sem hér er til umfjöllunar er það markaðurinn fyrir hannyrðanámskeið sem máli skiptir. Meginþátturinn í starfi Storksins er rekstur garnverslunar. Til hliðar og til stuðnings við meginþátt starfsins er Storkurinn með þrjónanámskeið. Storkurinn telur sig vera í samkeppni við Tómskundaskólann sem býður upp á námskeið í hannyrðum sem V.R. hefur styrkt félagsmenn til þátttöku í. Meginþátturinn í starfi Tómskundaskólans, og sá eini eftir því sem best er vitað, er að annast hvers kyns námskeiðahald. Má því leiða að því líkur að garnverslunin Storkurinn og Tómskundaskólinn starfi ekki nema að litlu leyti á sama markaði. Tómskundaskólinn er hins vegar ekki aðili að því máli sem hér er til umfjöllunar. Hann eða fyrirvarsmenn skólans hafa ekkert aðhafst til að skapa þá stöðu sem kvartað er yfir. Þar með eiga þær greinar samkeppnislaga sem fjalla um samkeppnishindrandi athæfi fyrirtækja á markaðnum ekki við í þessu máli. Það sama gildir um 20. gr. samkeppnislaga. Mögulegir keppinautar Storksins hafa ekkert aðhafst í því máli sem kvartað er yfir sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti eða er óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda.

Eins og lýst er hér að framan styrkir V.R. félagsmenn sína til þátttöku í ýmsum námskeiðum og hefur lagt það til grundvallar að þau fari fram hjá fræðslustofnunum eða -fyrirtækjum. Með því að styrkja ekki félagsmenn til þátttöku í þjónanámskeiðum á vegum Storksins telur fyrirsvarsaður fyrirtækisins að um samkeppnislega mismunun sé að ræða af hálfu V.R. Má því álykta að það sé skoðun fyrirsvarsmanns Storksins að V.R. sé skylt að styrkja félagsmenn til þátttöku í öllum þeim námskeiðum sem haldin eru. Ekki verður fallist á þann skilning.

4.

Samkeppnislögum er ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki í atvinnurekstri skaði með athæfi sínu eða aðgerðum samkeppnina á viðkomandi markaði.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur er stéttarfélag í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Ljóst má því vera að félagið stundar ekki atvinnurekstur í skilningi samkeppnislaga, sbr. 4. gr. laganna en þar segir m.a.: „*Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verlað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.*“

Þar sem V.R. stundar ekki atvinnustarfsemi telst félagið ekki fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga, sbr. 4. gr. laganna. Þegar þetta er virt verður ekki séð að starfsemi V.R. falli undir ákvæði samkeppnislaga þar sem lögunum er einungis ætlað að taka til þeirra aðila í einkarekstri sem stunda atvinnustarfsemi á viðskiptagrundvelli en félög og samtök sem ekki stunda atvinnustarfsemi, t.d. líknarfélög og stéttarfélög, eru undanþegin ákvæðum laganna.

Auk þess sem að ofan greinir má ljóst vera að V.R. telst ekki vera opinber aðili í skilningi samkeppnislaga og gilda því úrræði laganna sem lúta að hinu opinbera ekki um starfsemi félagsins. Með vísan til þess og með hliðsjón af því sem að ofan segir fellur sá hluti starfsemi V.R. sem mál þetta tekur til ekki undir gildissvið samkeppnislaga. Því er það ekki samkeppnisyfirvalda að kveða á um með hvaða hætti félagið kys að styrkja félagsmenn til að sækja námskeið.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Erindi Malínar Örlygsdóttur f.h. garnverslunarinnar Storksins frá 27. febrúar 1995 er vísað frá.“

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli
[nr. 22/1995](#)]*